

Nd.

633. Frumvarp til laga

[271. mál]

um breyting á lögum nr. 13 13. apríl 1973 um Happdrætti Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

d-liður 1. gr. orðist svo:

Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a.

Happdrætti Háskóla Íslands hefur, ásamt Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómannna og Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, farið fram á heimild til þess að nota tölву við drátt í happdrættinu. Er talið nauðsynlegt að breyta lögum happdrættisins til þess að unnt sé að verða við þessum tilmælum, og er frumvarp þetta flutt í því skyni. Samsvarandi frumvörp eru og flutt um breytingu á lögum um hin happdrættin.